

Fimmtudagurinn 13. mars 1997 kl. 14:00

91. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 6/1997

Auglýsing Japis hf. á stórútsölu

I. Málavextir

1.

Hinn 19. janúar sl. birtist auglýsing í Morgunblaðinu frá Japis hf. þar sem vakin er athygli á stórútsölu á ýmsum tækjum og gefið upp verð tækjanna eins og það var áður ásamt útsöluverðinu.

Keppinautur fyrirtækisins kvartaði til Samkeppnisstofnunar og benti á að ýmsar af þeim vörum sem auglýstar voru á útsölu væru í raun á sama verði og þær hefðu verið fyrir áramót, en þá hefðu þær verið auglýstar á öðrum tilboðum, svo sem jólatilboði, nóvembertilboði og svonefndum hundadögum. Sem dæmi um þetta benti kvartandi á eftirfarandi verð:

Heiti Verð áður Stór- Jóla- Nóvember Hunda- skv. augl. útsala tilboð tilboð dagar

Sony KV-29X1 129.900 109.650 109.650 109.650 109.650
Panasonic SL-S138 12.900 9.980 9.980 9.980
Somy CFD-6 15.900 12.900 - - - - 10.900
Panas. NV-HD 610 82.500 64.900 64.900
KEF CODA-9 hát. 35.500 29.900 29.900
Panas. NV-SD200 49.900 39.950 39.950
Panas. RXD-22 23.400 18.900 18.900

Hinn 23. janúar sl. sendi Samkeppnisstofnun Japis bréf þar sem óskað var athugasemda fyrirtækisins við kvörtunina. Væri kvörtunin á rökum reist óskaði stofnunin skýringa á því hvers vegna útsala væri þá auglýst. Gefinn var frestur til þess að koma að athugasemdum. Svar barst ekki frá fyrirtækinu.

Hinn 12. febrúar sl. ítrekaði Samkeppnisstofnun óskir sínar um athugasemdir fyrirtækisins og gaf til þess viku frest. Þá var bent á að að þeim tíma liðnum mætti búast við að samkeppnisyfirvöld gripu til aðgerða á grundvelli fyrirbyggjandi gagna. Ekkert svar barst frá fyrirtækinu.

2.

Á fundi ráðgjafarnefndar samkeppnisráðs, auglýsinganefndar, sem haldinn var 28. febrúar sl. var m.a. fjallað um framangreint kvörtunarefni. Nefndin var sammála um að leggja til að umræddar auglýsingar Japis á útsölum og tilboðum yrðu bannaðar þar sem fyrirtækið hefði ekki sýnt fram á að um raunverulega verðlækkun hafi verið að ræða sbr. 28. gr. samkeppnislaga.

II. Niðurstöður

Í 28. gr. samkeppnislaga er getið um þau skilyrði sem uppfylla þarf þegar útsala og önnur tilboð um lækkað vöruverð er auglýst. Greinin hljóðar svo:

„Útsölu eða aðra sölu, þar sem selt er á lækkuðu verði, má því aðeins auglýsa eða tilkynna að um raunverulega verðlækkun sé að ræða.

Þess skal gætt að greinilegt sé með verðmerkingum hvert hið upprunalega verð vörunnar var.“

Þá segir í 3. gr. reglna um verðupplýsingar í auglýsingum frá 13. janúar 1995:

„Útsala auglýst:

Þegar útsala er auglýst eða verðlækkun þarf að koma fram hvert hið upprunalega verð vörunnar var. Þá kröfu verður að gera að borið sé saman sambærilegt verð fyrir útsölu og á útsölu.“

Í auglýsingu Japis á stórútsölu sem greint er frá hér að framan auglýsti fyrirtækið útsölu á ýmsum vörum en svo virðist sem það verð sem tilgreint var sem fyrra verð hafi aldrei verið raunverulegt söluverð. Þá virðist sem fyrirtækið hafi áður birt samskonar auglýsingar um útsölur og tilboð, s.s. nóvembertilboð og hundadagar, þar sem tilboðsverðið er alltaf hið sama en birt undir mismunandi heitum. Varan virðist aldrei vera til sölu á auglýstu, upprunalegu verði. Fyrirtækinu var ítrekað gefinn kostur á að koma að athugasemdum og gefa skýringar en engin svör hafa borist.

Með tilliti til þeirra gagna sem fyrir liggja er það mat samkeppnisráðs að framangreindar auglýsingar Japis um útsölur og tilboð séu brot á 28. gr. samkeppnislaga og 3. gr. reglna um verðupplýsingar í auglýsingum þar sem auglýst verð fól ekki í sér verðlækkun.

Í 21. gr. samkeppnislaga segir m.a.:

„Óheimilt er að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða með öðrum hætti eða beita öðrum slíkum viðskiptaaðferðum sem sama marki eru brenndar, enda séu upplýsingar þessar og viðskiptaaðferðir fallnar til að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vara, fasteigna, þjónustu eða annars þess sem haft er á boðstólum í atvinnustarfsemi sem lög þessi taka til.“

Eins og að framan greinir telur samkeppnisráð að Japis hafi í umræddum auglýsingum á útsölum og tilboðum veitt rangar og villandi upplýsingar og þar með brotið gegn ákvæðum 21. gr. samkeppnislaga þar sem auglýst verð fól ekki í sér raunverulega verðlækkun.

III.

Ákvörðunarorð:

„Samkeppnisráð telur að Japis hf., Brautarholti 2, og Kringlunni 8–12, Reykjavík, hafi brotið gegn ákvæðum 21. og 28. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 með því að auglýsa stórútsölu og tilboð þegar verðlækkun var ekki raunveruleg. Með vísan til 21. gr. samkeppnislaga og með heimild í 51. gr. sömu laga bannar samkeppnisráð Japis hf. að auglýsa útsölu- eða tilboðsverð nema að um raunverulega verðlækkun sé að ræða.

Bannið tekur gildi við birtingu.

Verði banninu ekki fylgt mun viðurlögum samkeppnislaga verða beitt.“

[Máli þessu var áfrýjað; sjá Úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli [nr. 5/1997](#)]